



Kynhlutlaust mál, máltilfinning og forsetaframboð

Höskuldur Þráinsson skrifar 19. maí 2024 10:01

(*Vísir*, skoðun - slóðin var: [Kynhlutlaust mál, máltilfinning og forsetaframboð](#))

Að undanfögnu hefur verið nokkur umræða í fjölmiðlum um svokallað *kynhlutleysi* í máli og stundum látið að því liggja að nauðsynlegt sé að breyta íslensku máli til þess að koma slíku hlutleysi á – og þá með kynjajafnrétti í huga. Sumt af þessari umræðu hefur farið fram hér á Vísir og þess vegna langar mig að leiðrétta og útskýra hér nokkur atriði í þessu sambandi.

Hugsum okkur fréttamann sem segir frá óhappi í Reynisfjöru. Ef fréttamaðurinn veit aðeins um fjölda þeirra sem þarna komu við sögu er eðlilegt að hann segi til dæmis **Fjórir voru hætt komnir í Reynisfjöru í gær**. Hér er stendur töluorðið *fjórir* í málfræðilegu karlkyni en fréttin er rétt hvert sem líffræðilegt kyn eða kynvitund viðkomandi reynist síðan vera. Ef það kemur t.d. síðar í ljós að þetta voru í raun og veru fjórar konur er fréttin samt rétt, og eins ef í ljós kemur síðar hópurinn var blandaður eða eingöngu var um kynsegin fólk að ræða. Ástæðan er sú að í íslensku máli er málfræðilegt karlkyn kynhlutlaust í dæmum af þessu tagi. Ef hins vegar væri sagt **Fjögur voru hætt komin í Reynisfjöru í gær** myndi það samkvæmt almennum málskilningi útiloka að eingöngu hefði verið um konur að ræða eða eingöngu um karla. Í þeim skilningi er málfræðilega hvorugkynið í raun og veru alls ekki kynhlutlaust í svona dæmum.

Kynhlutleysi málfræðilega karlkynsins er hluti af íslenska málkerfinu og hefur alltaf verið. Þess vegna er það „út um allt“ í tungumálinu eins og sjá má af dæmum á borð við þessi:

- **Allir vita að jörðin er hnöttótt** (almenn staðhæfing)
- **Allir eiga rétt** (heiti á kennsluefni fyrir efstu bekkir grunnskóla, ætlað öllum kynjum)
- **Enginn verður óbarinn biskup** (málsháttur sem á ekki sérstaklega við karla)
- *heiðarlegur* (uppflertimynd lýsingarorðs í orðabók)
- *heiðarleiki* – það að vera **heiðarlegur** (merkingarskýring í orðabók)
- *Nú skal ég telja upp að tíu: einn, tveir, þrír, fjórir...* (ekki verið að telja neitt sérstakt)

Í öllum þessum dæmum standa feitletruðu orðin í málfræðilegu karlkyni af því að ekki er verið að vísa í eithvað tiltekið eða einhvern sérstakan. Merkingin er því almenn og kynhlutlaus vegna þess að málfræðilegt karlkyn er *sjálfgefið* í íslensku eins og það er stundum kallað (eða *ómarkað*). Merkingin myndi breytast í þessum dæmum, eða dæmið jafnvel verða ótækt, ef kvenkyn eða hvorugkyn væri sett í staðinn eins og lesendur geta sjálfir prófað.

Málið horfir öðruvísi við er verið er að tala um ákveðinn einstakling ellegar ræða um eða ávarpa tiltekinn hóp. Þess vegna myndi kona nota kvenkyn lýsingarorðs um sjálfa sig og segja *Ég er heiðarleg*, kvár væntanlega hvorugkynið og segja *Ég er heiðarlegt* o.s.frv. Eins myndi kennari vísa í tiltekinn nemendahóp sem ekki væri samsettur af stelpum eingöngu eða strákum eingöngu með því að nota hvorugkynið og segja: **Öll** *vita að jörðin er hnöttótt*, en ef engöngu væru stelpur í hópnum myndi hann auðvitað segja **Allar** *vita* ...

Í þessu samhengi er stundum talað um *vísandi merkingu* (eða *bendivísun*) vegna þess að verið er að vísa í tiltekinn einstakling eða hóp með því að nota kvenkynið (*heiðarleg*, *allar*) eða hvorugkynið (*heiðarlegt*, *öll*). Karlkynið getur auðvitað líka haft þessa vísandi merkingu við ákveðnar aðstæður. Þannig er eðlilegt að ávarpa tiltekna hópa með *Verið* (*þið*) **allir** *velkomnir*, *Verið* (*þið*) **öll** *velkomin*, *Verið* (*þið*) **allar** *velkomnar*, allt eftir því hvernig hópurinn er samsettur. En þegar um er að ræða almenna staðhæfingu og ekki er ætlunin að ávarpa tiltekinn hóp er eðlilegt að nota hið kynhlutlausu og sjálfgefna málfræðilega karlkyn: **Allir** *velkomnir*! Það á þá við alla, almennt, ekki einhvern tiltekinn hóp. Í nýlegri fyrirsögn hér á Vísu var hins vegar alveg eðlilegt að nota hvorugkynið *öll*: **Öll** *með aðstöðu til að fagna sigri með stuðningsmönnum*. Þar var nefnilega verið að vísa í hinn tiltekna blandaða hóp forsetaframbjóðenda sem var til umræðu.

Nú segir kannski einhver: „Já, þetta er svona, og hefur verið svona, en ég ætla að breyta því í þágu jafnréttis kynjanna.“ Það er þó reyndar svo að dæmi eins og þau sem hér hafa verið tekin um mismunandi hlutverk hinna þriggja málfræðilegu kynja í íslensku hafa í sjálfu sér ekkert með líffræðilegt kyn eða kynvitund fólks að gera. Þau eru þannig ekki til vitnis um það að íslenskt mál sé *karllægt* eins og stundum er haldið fram. Það mætti frekar segja að *málkerfið* sé *málfræðilega karlkynslægt* því að þessi munur á notkunarsviði málfræðilegu kynjanna í íslensku er kerfisbundinn eins og hér hefur verið lýst.

Tungumál eru nefnilega kerfisbundin, þ.e. regluleg í aðalatriðum, og það er þess vegna sem börn geta tileinkað sér þau að mestu leyti án beinnar tilsagnar á ótrúlega skömmum tíma. Þau öðlast tilfinningu fyrir því hvernig tungumálið er, nota það í samræmi við þessa tilfinningu og skilja það í samræmi við hana. Þetta gera þau vegna þess að málið er „fyrir þeim haft“, eins og sagt er, bæði í því sem þau heyra í kringum sig og svo síðar af því sem þau lesa. Íslensk börn tileinka sér þess vegna meðal annars þá verkaskiptingu

málfræðilegu kynjanna sem hér hefur verið lýst vegna þess að hún er alls staðar í því sem þau heyra og lesa, hún er í *ílaginu* sem þau fá eins og það er kallað á fræðimáli. Ef við viljum reyna að breyta þessari verkaskiptingu málfræðilegu kynjanna með því að temja okkur að segja **Öll velkomin!** eða eitthvað slíkt þegar við ætlum okkur að setja fram almenna staðhæfingu (þ.e. þegar *öll* á ekki að hafa vísandi eða afmarkaða merkingu) þá erum við að búa til dæmi sem eru í raun og veru ekki í samræmi við málkerfið eins og það birtist í flestu af því sem við heyrum í kringum okkur og í öllu því sem hefur verið skrifað á íslensku fram á síðustu ár. Við vitum í raun og veru ekkert hvaða áhrif slíkt getur haft á máltilfinningu barna sem eru að tileinka sér málið af því að þá er vitnisburður þess sem þau heyra í kringum sig og lesa, vitnisburður ílagsins, orðinn ruglandi eða misvísandi. Karlkynið mun nefnilega eftir sem áður hafa hið almenna hlutlausu hlutverk „út um allt“ í því sem þau heyra og lesa, sbr. dæmin sem nefnd voru hér framar.

Í lokin má svo bæta því við að vegna þess að mörgum, líklega flestum, finnst eðlilegt að skilja dæmi eins og **Öll velkomin!** eins og vísað sé til tiltekins afmarkaðs hóps ættu frambjóðendur í forsetakosningum ekki að nota það orðalag ef þeir vilja ná til allra þegar þeir auglýsa framboðsfundi sína. En þeir geta auðvitað ávarpað hinn blandaða hóp íslenskra kjósenda með því að segja *Verið öll velkomin!* ef þeim er í nöp við málfræðilega karlkynið.